

Hér með fyrir neðan er bókun frá Svafari formanni hverfisráðs Miðborgar, en þessi bókun var gerð í gær á fundi hverfisráðsins.

Bókun formanns hverfisráðs Svafar Helgason (P)

Formaður hverfisráðs miðborgar fagnar þeirri vinnu og niðurstöðum sem koma fram í úttekt og innri endurskoðun um þjónustumiðstöðvar og hverfisráð Reykjavíkurborgar. Báðir valkostir sem lagðir hafa verið fram í því skjali hugnast hverfisráði miðborgar betur en að leyfa núverandi fyrirkomulagi að halda áfram óbreyttu. Valkostur 2 sem fer fram á róttækari breytingar og kerfislæga uppstökkun stendur þó fremur þeirri fyrri. Borgarhlutaráð sem pólitískur armur þjónustumiðstöðvanna hugnast okkur sem raunhæf leið að dreifingu valds og ábyrgðar innan borgarkerfisins sem tekur betur tillit til staðháttar og hverfislægar nálgunar á þjónustu sem hefur orðið of miðstýrð hjá fagsviðunum. Telur formaður hverfisráðs miðborgar að borgarhlutaráð, með fyrirhugaðri aukningu á ábyrgðarhlutverki, valdsviði og aðgengi að mannauði muni vera mikilvægt skref í áttina að þeirri breytingu að vinna verkefni með lausnum og útfærslum sem eru sérsniðnar að þörfum nærumhverfisins frekar en að vinna að heildrænum lausnum og stefnumótun sem betur eiga heima í miðlægri stjórnsýslu.